

naut styrks frá Svínavatnshreppi, að hann lítið hafi getað við vinnu verið, — enda hefir Jóhann borið það sjálfur fyrir rjetti 3. nóvbr. 1898, að svo hafi verið, — og þar sem að styrkur sá, er hann fekk, að upphæð kr. 2,50 og 2 kr. á viku, ekki virðist ósennilega hár, þegar lítið er til þess, að búizt var við að flytja hann á framfærslusveit sína þá og þá, þá úrskurðast hjermeð, að Hofshreppur í sýslu yðar skuli greiða umræddar kr. 86,43 til hreppsnefndarinnar í Svínavatnshreppi, sem fyrst. Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra sýslumaður, til birtingar fyrir hreppsnefndinni í Hofshreppi.

58

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 59
amtinu **um deilu útaf skilningi á samningi hreppsfjelaga á milli.** 15. júní
 — Með brjefi, dagsettu 14. apríl þ. á., hefir hreppsnefndin í Vallahreppi í Suð-
 urmúlasýslu beiðzt úrskurðar míns um ágreining milli hennar og hreppsnefnd-
 arinnar í Hjaltastaðarhreppi um rjettan skilning á samkomulagsgjöörningum 4.
 oktbr. 1781, 4. júní 1782 og 16. júní 1785 viðvíkjandi skipting hins forna Valla-
 hrepps í 3 hreppa.

Með því að hjer er eigi að ræða um framfærslu einstaks tiltekins þurfa-
 manns eða ómaga, heldur um deilu útaf samningum hreppsfjelaga á milli, ligg-
 ur málefni þetta eigi undir úrskurð yfirvaldanna, heldur undir úrslit dómstól-
 anna, sbr. brjef dómsmálastjórnarinnar frá 23. janúar 1858 og 25. maí 1872,
 og landshöfðingjabrjef 16. marz 1896 (Stj.tíð. 1896, B, bls. 237).

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og
 birtingar fyrir hreppsnefndinni í Vallahreppi, og eruð þjer umbeðinn að afhenda
 henni hjálögð 11 fylgiskjöl.

Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku- 60
leyfi handa Breiðabólsstaðarprestakalli á Skógarströnd — Sam- 25. júní
 kvæmt þarum gjörðri beiðni og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra
 biskup, í brjefi, dagsettu 14. þ. m., vil jeg hjermeð veita leyfi mitt til þess að
 presturinn að Breiðabólsstað á Skógarströnd, síra Jósep Kr. Hjörleifsson,
 megi taka allt að 500 kr. lán gegn tryggingu í tekjum presta-
 kallsins til að gjöra túnsljettun á prestsetrinu, með þeim skilyrðum, að lánið
 endurborgist á 15 árum frá lántökudegi að telja og ávaxtist með 4% í mesta
 lagi, og að lánið verði tekið smám saman, jafnótt og lántakandi sannar að jarða-
 bæturnar sjeu unnar og að þær sjeu vel af hendi leystar.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að
 því viðbættu að lánið getur eigi orðið veitt úr landssjóði, en fyrir Ræktunarsjóð
 Íslands eru ekki einu sinni reglur samdar.